


# 1. Umsækjandi um örorkulífeyri hefur ekki notið þjónustu VIRK.



Sjóðfélagi sækir um (endurhæfingar- eða) örorkulífeyri og skrifar undir samþykki um upplýsingagjöf til og frá VIRK:

- lífeyrissjóðnum sé heimilt að afla upplýsinga um þátttöku og niðurstöðu starfsgetumats hjá VIRK.
- lífeyrissjóðnum sé heimilt að láta VIRK hafa upplýsingar sem geta haft þýðingu er varðar starfsendurhæfingu viðkomandi.

Vilji sjóðfélagi ekki skrifa undir og samþykkja upplýsingagjöf skal hann strika yfir viðkomandi línu(r) og setja upphafsstafi sína við. Ef hann sækir þjónustu VIRK sér hann sjálfur um afhendingu nauðsynlegra upplýsinga.

Lífeyrissjóður afhendir trúnaðarlækni gögn umsækjanda.

- a) Trúnaðarlæknir metur orkutap í samræmi við samþykktir lífeyrissjóðs
- b) Trúnaðarlæknir metur hæfni umsækjanda til endurhæfingar samkvæmt viðmiðunarreglum trúnaðarlækna og VIRK.

Niðurstaða trúnaðarlæknis um endurhæfingarmöguleika kemur fram í matsgerð hans.

Ef mat trúnaðarlæknis er að endurhæfing gagnist ekki, a.m.k. að sinni, lýkur ferli hér.

Lífeyrissjóður upplýsir sjóðfélaga um matið og tilkynnir að ráðgjafi VIRK muni hafa samband við hann á næstu dögum.

Ef mat á orkutapi veitir rétt til örorkulífeyris sendir lífeyrissjóður afrit umsóknar og matsgerðar trúnaðarlæknis á öruggan hátt til VIRK (\**gagnvirkur vefur*\*). Meðhöndlun upplýsinga frá lífeyrissjóðum verður í samræmi við gæða- og öryggisstefnu VIRK.

Ráðgjafi VIRK hefur samband við sjóðfélaga og boðar hann í viðtal.

VIRK upplýsir lífeyrissjóð reglulega um framgang endurhæfingar örorkulífeyrisþega. Í fyrsta skipti þó eigi síðar en þremur mánuðum frá því VIRK fékk tilkynningu um sjóðfélaga. (\**gagnvirkur vefur*\*).

Tilkynningar VIRK eru meðal annars:

- um þátttöku sjóðfélaga við upphaf starfsendurhæfingar.
- ef sjóðfélagi er á leið í sérhæft mat.
- ef sjóðfélagi er á leið í endurmat.
- lokaskýrsla starfsgetumats við útskrift.

Ef ekki er samræmi í niðurstöðu trúnaðarlæknis og mati VIRK á endurhæfingarmöguleikum skulu aðilar ræða saman og leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu.

- a) Lífeyrissjóður stöðvar lífeyrisgreiðslur ef:

- sjóðfélagi hefur náð starfsgetu.
- sjóðfélagi hefur ekki tekið þátt í endurhæfingu.

- b) Lífeyrissjóður greiðir áfram örorkulífeyri.